

- 52 3. Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið  
16. júní handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar.  
Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði samkv. 3. lið, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.  
Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi 1. gr. laga nr. 25 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

*Gjört í Reykjavík, 16. júní 1952.*

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.  
(L. S.)

Ólafur Thors.

53  
24. júlí

## AUGLÝSING

## um viðskiptasamning milli Íslands og Brasilíu.

Með erindaskiptum milli Thor Thors sendiherra Íslands í Brasilíu, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Joao Neves da Fontoura, utanríkisráðherra Brasilíu, fyrir hönd ríkisstjórnar Brasilíu, var hinn 30. apríl 1952 gerður samningur um viðskipti Íslands og Brasilíu.

Samkvæmt samningi þessum leyfir íslenska ríkisstjórnin útflutning til Brasilíu á saltfiski fyrir allt að 500 000 sterlingspund, og ríkisstjórn Brasilíu leyfir útflutning til Íslands á kaffi fyrir 400 000 sterlingspund, og á hnetum, plöntufeiti, kakófeiti, ullarvörum, húðum, baðmullardúkum, ullardúkum, ávöxtum og öðrum vörum fyrir 100 000 sterlingspund.

Brasilía mun heimila innflutning á saltfiski frá Íslandi með hliðsjón af því, að fyrir komi útflutningur á vörum frá Brasilíu fyrir um það bil sömu fjárhæð.

Hinar brasilísku vörur, sem seldar verða til Íslands, og hinn íslenski saltfiskur, sem seldur verður til Brasilíu, skulu eingöngu vera til innanlandsneyzlu í hvoru landinu um sig.

Samningurinn gildir í eitt ár frá 30. apríl 1952 að telja, og má framlengja hann um jafnlangt tímabil, ef svo semst með samningsaðiljum á þremur síðustu mánuðum gildistímans.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 24. júlí 1952.*

**Bjarni Benediktsson.**

Magnús V. Magnússon.